



SKÝRSLA UM EFTIRFYLGNI: *ÚTFLUTNINGSADSTOÐ OG LANDKYNNING (2009)*

APRÍL 2012

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDING	3
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÍTREKAÐRI ÁBENDINGU	4
1 INNGANGUR	5
2 ÚTFLUTNINGSÁÐSTOÐ OG LANDKYNNING	6
2.1 Útdráttur úr skýrslunni	6
2.2 Ábendingar, viðbrögð og mat	6

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDING

Í skýrslunni *Útflutningsaðstoð og landkynning* (des. 2009) leitaðist Ríkisendurskoðun við að meta hvernig staðið væri að stjórnun og stefnumótun í málefnum útflutningsaðstoðar, landkynningar og erlendra fjárfestinga á Íslandi. Sérstaklega var kannað hvort heildarsýn og skipulag málaflokksins væri með þeim hætti að fjárveitingar nýttust á hagkvæman og skilvirkan hátt og hvort eftirfylgni væri markviss og árangur metinn með skipulögðum hætti.

Meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að heildstæða lagaumgjörð um verkefnið skorti enda hefði ekki verið litið á þau sem sérstakan málaflokk. Fjögur ráðuneyti kæmu að þeim auk fjölmargra stofnana, félaga og verkefna sem undir þau heyrðu. Þá lægi raunkostnaður ríkissjóðs vegna verkefnanna ekki fyrir. Að mati Ríkisendurskoðunar vantaði einnig nokkuð upp á að Íslandsstofa hefði nógu víðtækt hlutverk í frumvarpi að lögum um stofuna sem þá var í smíðum. Auk þess var óljóst um stjórnskipulega stöðu hennar. Í öllum þessum atriðum sá Ríkisendurskoðun möguleika á úrbótum.

Í framhaldi af þessu beindi Ríkisendurskoðun alls sjö ábendingum til Íslandsstofu og utanríkisráðuneytis sem m.a. lutu að hlutverki Íslandsstofu, stjórnun og stefnumótun í málefnum útflutningsaðstoðar og landkynningar, fjárveitingum til málaflokksins og eftirliti með nýtingu þeirra.

Ríkisendurskoðun fagnar ýmsum jákvæðum breytingum á málefnum útflutningsaðstoðar og landkynningar eftir útgáfu skýrslunnar, m.a. stofnun Íslandsstofu með lögum nr. 38/2010, auknum samskiptum hennar við aðra opinbera aðila sem sinna verkefnum á sviði landkynningar og að unnið sé að mótun langtímastefnu fyrir málaflokkinn. Tveimur ábendingum sem beint var til utanríkisráðuneytis hefur þó ekki verið brugðist við, þ.e. þær hafa ekki leitt til þeirra breytinga sem Ríkisendurskoðun lagði til. Þær lúta að hlutverki Íslandsstofu og kostnaðargreiningu á verkefnum málaflokksins. Ríkisendurskoðun fellur frá fyrri ábendingunni í ljósi laga um Íslandsstofu en ítrekar hina seinni.

ÍTREKUÐ ÁBENDING TIL UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

GREINA ÞARF KOSTNAÐ VIÐ MÁLAFLOKKINN

Ráðuneytið er hvatt til að halda nákvæmt kostnaðarbókhald vegna erlendar markaðs-sóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi svo að raunverulegur kostnaður einstakra verkefna og heildarkostnaður málaflokksins liggi fyrir á hverjum tíma.

STJÓRNUN OG STEFNUMÓTUN Á SVIÐI ÚTFLUTNINGSAÐSTOÐAR

SJÖ ÁBENDINGAR

EIN ÁBENDING ÍTREKUÐ

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÍTREKAÐRI ÁBENDINGU

VIÐBRÖGÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

GREINA ÞARF KOSTNAÐ VIÐ MÁLAFLOKKINN

„Eins og kom fram í svari utanríkisráðuneytisins við erindi Ríkisendurskoðunar dags. 16. febrúar 2012 notar ráðuneytið tegundalykil Fjársýslu ríkisins og byggir bókhald sitt að öðru leyti á viðfangsefnaskiptingu fjárlaga ásamt nánari skiptingu sem ákveðin er af ráðuneytinu sjálfu. Sérstök árleg fjárveiting er til verkefna á sviði menningarmála að upphæð 12 m.kr. og er haldið sérstakt bókhald um ráðstöfun þeirra fjármuna. Í ráðuneytinu starfa tveir til þrjár starfsmenn að málefnum sem telja má að mestu leyti á umræddu sviði, auk þess sem átta viðskiptafulltrúar verja megninu af sínum tíma til málaflokksins. Fyrir liggur kostnaðargreining þessara þátta.

Á árinu 2006 tók ráðuneytið upp árangursstjórnunarkerfi fyrir utanríkisþjónustuna en notkun þess var hætt í lok ársins 2008. Rekstur slíks kerfis reyndist of íþyngjandi fyrir starfsemi sendiskrifstofanna. Ráðuneytið hefur því í dag ekki skráningarkerfi sem nýta má til að kalla fram upplýsingar um umfang einstakra verkefnaþátta. Reynslan af árangursstjórnunarkerfinu sýndi þó að gagnlegt er að hafa aðgang að þess háttar upplýsingum. Því stefnir ráðuneytið að því að finna leiðir til að taka upp einfaldari aðferðir til árangursstjórnunar sem þá einnig fæli í sér söfnun upplýsinga um starfsemina.“

1 INNGANGUR

Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórnsýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum og bendir á leiðir til úrbóta í ríkisrekstri. Hverri úttekt er fylgt eftir með athugun á því hvernig brugðist hefur verið við ábendingum hennar. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í þessari eftirfylgniúttekt er leitast við að meta hvort ábendingar Ríkisendurskoðunar í skýrslunni *Útflutningsaðstoð og landkynning* (2009) hafi leitt til æskilegra umbóta. Sú úttekt náði einkum til þátta sem varða stefnumótun, skipulag og samstarf þeirra aðila sem koma að útflutningsaðstoð og landkynningu. Í tengslum við þetta var m.a. kannað hvernig þessum málum er háttað í Danmörku, Bretlandi og Noregi.

Við vinnslu þessarar eftirfylgniúttektar var aflað upplýsinga hjá utanríkisráðuneyti og Íslandsstofu. Báðir þessir aðilar fengu einnig drög að þeirri skýrslu sem hér birtist til umsagnar auk þess sem sérstaklega var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við ítrekaðri ábendingu sem til þess er beint. Þau viðbrögð eru birt í sérstökum kafla í skýrslunni. Ríkisendurskoðun þakkar þessum aðilum gott samstarf.

**EFTIRFYLGNI ÞREMUR
ÁRUM FRÁ ÚTGÁFU
SKÝRSLU**

**LEIDDU ÁBENDINGAR
TIL ÆSKILEGRA
UMBÓTA?**

2 ÚTFLUTNINGSAÐSTOÐ OG LANDKYNNING

2.1 ÚTDRÁTTUR ÚR SKÝRSLUNNI

HEILDSTÆÐA STEFNU SKORTI

Í skýrslunni *Útflutningsaðstoð og landkynning* (2009) kom fram að enn hefði ekki verið mótuð heildstæð stefna fyrir alla aðila sem störfuðu við útflutningsaðstoð og landkynningu. Að mati Ríkisendurskoðunar væri slíkt þó nauðsynlegt þar sem fjölmargir ólíkir aðilar störfuðu á þessum vettvangi, þar á meðal fjögur ráðuneyti og yfir 20 stofnanir, félög og verkefni sem undir þau heyrðu. Þá lægi raunkostnaður ríkissjóðs við útflutningsaðstoð, landkynningu og að laða að erlenda fjárfestingu á Íslandi ekki fyrir. Ríkisendurskoðun benti á nauðsyn þess að slík kostnaðargreining yrði gerð. Aðeins þannig væri unnt að hafa eftirlit með því fjármagni sem ríkið legði til þessara mála. Þá ætti skortur á sameiginlegri yfirstjórn einnig sinn þátt í að eftirfylgni innan málaflokksins væri ekki nægilega markviss og að árangur hefði ekki verið metinn með skipulögðum hætti.

RAUNKOSTNAÐUR LÁ EKKI FYRIR

Í skýrslunni var skipulag og stefna í málefnum útflutningsaðstoðar og landkynningar hér á landi einnig borið saman við stjórnskipulag málaflokksins í Danmörku, Bretlandi og Noregi þar sem það hafði nýlega verið einfaldað. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi m.a. í ljós að stefnumörkun í þessum löndum væri lengra á veg komin en héraendis.

SAMANBURÐUR VIÐ NÁGRANNALÖND

2.2 ÁBENDINGAR, VIÐBRÖGÐ OG MAT

ÁBENDINGAR TIL UTANRÍKISRÁÐUNEYTIS

HLUTVERK ÍSLANDSSTOFU VERÐI ÚTVÍKKAÐ

Ríkisendurskoðun taldi að hlutverk Íslandsstofu ætti að vera víðtækara en lagt var til í frumvarpi til laga um Íslandsstofu (lagt fyrir Alþingi 05.11.2009). Að mati stofnunarinnar ætti Íslandsstofa að sjá um og bera ábyrgð á öllum verkefnum sem tilheyra málaflokki. Þannig yrði sérhæfingin meiri, vinnubrögð faglegri og til yrði einn vettvangur fyrir alla sem þyrftu aðstoð eða ráðgjöf að halda.

VIÐBRÖGÐ RÁÐUNEYTIS

Lög nr. 38/2010, um Íslandsstofu, voru samþykkt á Alþingi í maí 2010. Við meðferð Alþingis og utanríkismálanefndar á frumvarpinu var farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þrátt fyrir það breyttust hvorki þær greinar frumvarpsins sem snúa að markmiði laganna né hlutverki Íslandsstofu í meðförum þingsins.

Lögbundið hlutverk utanríkisþjónustunnar samkvæmt 1. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, er að gæta hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum einkum að því sem snertir utanríkisviðskipti og menningarmál. Hlutverk utanríkisráðuneytis og sendiráða er að kynna Ísland og íslensk málefni á erlendri grund. Það er ekki hlutverk laga um Íslandsstofu að hrófla við ábyrgð utanríkisþjónustunnar á þessum málum.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd. Að mati stofnunarinnar er þó ekki rétt að ítreka hana þar sem niðurstaða Alþingis í nýlegum lögum um Íslandsstofu liggur fyrir.

ÍSLANDSSTOFA HAFI SKÝRA STÖÐU INNAN STJÓRNKERFISINS

Ríkisendurskoðun benti á mikilvægi þess að skýrt væri kveðið á um ábyrgð utanríkisráðuneytis á málaflokknum til að auka líkur á árangursríkri stjórnun og góðri nýtingu fjármuna og mannafla. Stofnunin taldi einnig brýnt að skýra betur stöðu Íslandsstofu innan stjórnkerfisins en gert væri í frumvarpi til laga um stofuna, ekki síst vegna ábyrgðar hennar og þeirra opinberu fjármuna sem hún ráðstafar. Þá þyrfti að skilgreina ábyrgð og skyldur stjórnarmanna Íslandsstofu þannig að ekki léki vafi á að þeir sæktu umboð sitt til ráðherra. Í þessu sambandi væri þó mikilvægt að gæta þess að Íslandsstofa yrði ekki of miðstýrð á kostnað sveigjanleika og fjölbreytni.

VIÐBRÖGÐ RÁÐUNEYTIS

Til að bregðast við ábendingum Ríkisendurskoðunar var í frumvarpinu lagt til að utanríkisráðherra skipaði formann stjórnar. Í meðförum utanríkismálanefndar gerði nefndin breytingartillögu um að Ríkisendurskoðun sæi um reglubundna endurskoðun á reikningum Íslandsstofu. Í samræmi við reglugerð nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga, kallar utanríkisráðuneyti árlega eftir rekstraráætlun Íslandsstofu og fundar í kjölfarið með framkvæmdastjóra áður en áætlunin er samþykkt. Þessu verklagi var komið á eftir álit umboðsmanns Alþingis nr. 6327/2011. Í því segir að Íslandsstofa sé stjórnvald, þ.e. hún tilheyri stjórnsýslu ríkisins í skilningi 1. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

MÓTA ÞARF HEILDSTÆÐA STEFNU OG META ÁRANGUR

Ríkisendurskoðun lagði til að stjórn Íslandsstofu hefði það hlutverk að móta heildstæða stefnu fyrir málaflokkinn sem utanríkisráðherra staðfesti með áritun sinni. Í henni kæmi fram skýr forgangsröðun helstu atvinnu- og listgreina og á hvaða markaði vænlegast væri að sækja. Í því sambandi þyrfti að meta þarfir helstu atvinnugreina, helstu markaðshindranir og möguleika fyrirtækja á að ná árangri. Tryggja yrði aðkomu helstu fag- og hagsmunaaðila, þ.m.t. hlutaðeigandi ráðuneyta, að gerð, framkvæmd og endurskoðun stefnunnar í samræmi við skýrar leikreglur. Einnig yrði að gæta að sérstöðu og sérþörfum hverrar atvinnugreinar eftir því sem unnt væri.

Lagt var til að Íslandsstofu yrði gert að framfylgja framangreindri stefnu. Til þess fengi hún þær fjárveitingar sem ætlaðar væru til erlendra markaðssóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi. Stofunni bæri að tryggja að fjármunum yrði ráðstafað í samræmi við markaða stefnu, með árangur og skilvirkni að leiðarljósi. Hún hefði heildarsýn yfir starfseminu, legði reglulega mat á árangur hennar og gripi til viðeigandi ráðstafana eftir ástæðum hverju sinni. Ríkisendurskoðun benti á að horfa mætti til nágrannalandanna um fordæmi í þessu sambandi.

VIÐBRÖGÐ RÁÐUNEYTIS

Nú stendur yfir lögboðið samráðsferli vegna reglugerðarsetningar um störf Íslandsstofu. Í nýjustu drögum kemur m.a. fram að stjórn Íslandsstofu skuli setja stefnu til þriggja ára, auk árlegra starfsáætlana, og skuli hún m.a. kynnt utanríkisráðuneytinu og árituð af utanríkisráðherra. Jafnframt skuli árangur af stefnunni metinn á þriggja ára fresti.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd að hluta. Ráðuneytið hefur unnið að setningu reglugerðar þar sem m.a. er kveðið á um mótun stefnu til þriggja ára og eftirfylgni með henni. Ríkisendurskoðun hefur skilning á því að reglugerðarsetning geti dregist á langinn en hvetur ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu þannig að ljóst sé hvernig staðið verði að mótun stefnu Íslandsstofu til lengri tíma litið og að mat á árangri hennar komi sem fyrst til framkvæmda.

GREINA ÞARF KOSTNAÐ VIÐ MÁLAFLOKKINN

Ríkisendurskoðun taldi nauðsynlegt að gerð yrði nákvæm greining á raunkostnaði ríkisins vegna erlendra markaðssóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi. Stofnunin lagði því ríka áherslu á að aðilar málaflokksins, einkum utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa, héldu nákvæmt kostnaðarbókhald yfir starfsemi sína svo að raunverulegur kostnaður við einstök verkefni, sem og heildarkostnaður málaflokksins, lægi fyrir á hverjum tíma.

VIÐBRÖGÐ RÁÐUNEYTIS

Utanríkisráðuneytið notar tegundalykil Fjársýslu ríkisins og byggir bókhald sitt að öðru leyti á viðfangsefnaskiptingu fjárlaga, ásamt nánari skiptingu sem ákveðin er af ráðuneytinu sjálfu. Sérstök árleg fjárveiting er til verkefna á sviði menningarmála að upphæð 12 m.kr. og er haldið sérstakt bókhald um ráðstöfun þeirra fjármuna. Í ráðuneytinu starfa tveir til þrjú starfsmenn að málefnum sem lúta að umræddu sviði, auk átta viðskiptafulltrúa. Við núverandi aðstæður er ómögulegt að segja nákvæmlega til um kostnað utanríkisþjónustunnar í heild vegna málaflokksins. Ráðuneytið hefur ekki tekið ákvörðun um að taka upp tímaskráningu til að ná fram upplýsingum um nákvæman kostnað við einstaka þætti í starfsemi utanríkisþjónustunnar.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi ekki verið framkvæmd. Ráðuneytið er hvatt til að halda nákvæmt kostnaðarbókhald vegna erlendra markaðssóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi svo að raunverulegur kostnaður einstakra verkefna og heildarkostnaður málaflokksins liggi fyrir á hverjum tíma.

ÁBENDINGAR TIL ÍSLANDSSTOFU

MÓTA ÞARF HEILDSTÆÐA STEFNU OG MÆLA ÁRANGUR

Ríkisendurskoðun lagði til að stjórn Íslandsstofu hefði það hlutverk að móta heildstæða stefnu fyrir málaflokkinn og að Íslandsstofu yrði gert að framfylgja henni. Til þess fengi hún þær fjárveitingar sem ætlaðar væru til erlendra markaðssóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi. Stofunni bæri að tryggja að fjármunum yrði ráðstafað í samræmi við markaða stefnu, með árangur og skilvirkni að leiðarljósi. Hún hefði heildarsýn yfir starfsemina, legði reglulega mat á árangur hennar og gripi til viðeigandi ráðstafana eftir ástæðum hverju sinni. Ríkisendurskoðun benti á að horfa mætti til nágrannalandsanna um fordæmi í þessu sambandi.

VIÐBRÖGD ÍSLANDSSTOFU

Stjórn Íslandsstofu hóf sumarið 2010 undirbúning að stefnumótun fyrir stofuna og í samræmi við lög um Íslandsstofu voru skipuð fimm fagráð, þ.e. fagráð ferðaþjónustunnar, fagráð fjárfestinga, fagráð sjávarútvegsins, fagráð skapandi greina og fagráð tækni- og hugverкаиðnaðarins. Samhliða stefnumótun stjórnar og fagráðanna var grunnur lagður að heildstæðri stefnu fyrir málaflokkinn og er stefnuyfirlit Íslandsstofu birt á heimasíðu stofunnar. Skipulag Íslandsstofu og starfsemi fagráðanna og hvernig þau tengjast sjálfum rekstrinum og stjórninni tryggir að stefnumál og sjónarmið hinna ýmsu atvinnugreina, lista og menningar eiga greiða leið inn í starfsemi Íslandsstofu sem endurspeglar í forgangsriðun fjármagns og verkefna. Til að tryggja samræmi í markaðs- og kynningarstarfi Íslandsstofu fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar og til að nýta samlegðaráhrif á milli greinanna samþykkti stjórn Íslandsstofu á fundi vorið 2011 ákveðna aðferðafræði sem er byggð á fyrirfram skilgreindum vaxtarsviðum og skilaboðum.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

ÍSLANDSSTOFA HAFI NÁIÐ SAMSTARF VIÐ AÐRA OPINBERA AÐILA

Ríkisendurskoðun lagði áherslu á að Íslandsstofa hefði gott samstarf við opinbera aðila sem koma að nýsköpun og atvinnu- og byggðapróun. Þannig fengi atvinnulífið samræmdari og öflugri þjónustu auk þess sem sérþekking innan stjórnsýslunnar nýttist betur. Ríkisendurskoðun benti á að nýlegar skipulagsbreytingar í Bretlandi og Noregi endurspegluðu þessar áherslur.

VIÐBRÖGD ÍSLANDSSTOFU

Fulltrúar fagráðanna tengjast með margs konar hætti stofnunum hins opinbera sem sinna nýsköpun og atvinnu- og byggðapróun. Í fjórum tilvikum af fimm er formaður fagráðs um leið stjórnarmaður í stjórn Íslandsstofu. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á sæti í fagráði tækni- og hugverкаиðnaðar. Ferðamálastjóri situr í stjórn Íslandsstofu og í fagráði um ferðaþjónustu og tekur þátt í fræðslu- og könnunarleiðöngrum á vegum stofunnar. Íslandsstofa er í góðu samstarfi við markaðsstofur landshlutanna og situr fulltrúi þeirra í fagráði ferðaþjónustunnar og

fagráði markaðsstofanna. Reglulegt samráð er við atvinnuþróunarfélög um land allt og hafa þau og Íslandsstofa í sameiningu staðið að þróunar- og þjálfunarverkefnum fyrir fyrirtæki á starfssvæðum atvinnuþróunarfélaganna. Í fagráði lista og skapandi greina sitja fulltrúar allra miðstöðva lista og skapandi greina hér á landi, s.s. Hönnunarmiðstöðvar og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. Náið samband er milli Íslandsstofu og þessara miðstöðva sem m.a. starfa saman að komu fjölmiðla og listrænna stjórnenda á ýmsa árlega og einstaka viðburði. Með breyttu skipulagi Íslandsstofu og starfsemi fagráðanna er samstarf Íslandsstofu við aðra opinbera aðila betur tryggt.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.

GREINA ÞARF KOSTNAÐ VIÐ MÁLAFLOKKINN

Ríkisendurskoðun taldi nauðsynlegt að gerð yrði nákvæm greining á raunkostnaði ríkisins vegna erlendrar markaðssóknar, landkynningar og stuðnings við gjaldeyrisaflandi starfsemi. Ríkisendurskoðun lagði því ríka áherslu á að aðilar málaflokksins, einkum utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa, héldu nákvæmt kostnaðarbókhald um starfsemi sína svo að raunverulegur kostnaður við einstök verkefni, sem og heildarkostnaður málaflokksins, lægi fyrir á hverjum tíma.

VIÐBRÖGD ÍSLANDSSTOFU

Kjarnasvið Íslandsstofu eru þrjú, þ.e. markaðssókn, markaðspróun og fjárfestingar. Til stuðnings við þessa meginstarfsemi eru stoðeiningar og er sérstaklega haldið utan um þær. Í nóvember - desember ár hvert eru lagðar fram áætlanir sviðanna sem byggja á áætlunum þeirra verkefna sem falla undir sviðin. Þessar áætlanir eru síðan samræmdar og lagðar fram sem ein heild og eru þannig afgreiddar og samþykktar af stjórn Íslandsstofu. Í fjárhagsáætlun Íslandsstofu fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir að heildartekjur með útseldri þjónustu nemi um 855 m.kr. en heildargjöld um 851 m.kr. Þrisvar á ári eru rauntölur í bókhaldi bornar saman við áætlanir og gerðar viðeigandi leiðréttingar sé þess þörf eða áætlanir endurskoðaðar hafi ófyrirséð atvik átt sér stað. Uppgjör þessi sýna stöðu einstakra verkefna og Íslandsstofu í heild. Ef munur á rauntölum og áætlunum reynist mikill er leitað skýringa og þær metnar. Í stöku tilvikum getur þurft að leiðrétta einstakar áætlanir eða jafnvel endurgera þær í heild. Með þessu fyrirkomulagi er kostnaður Íslandsstofu greinanlegur eftir eðli kostnaðar, verkefna og áherslum sviðanna.

MAT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun telur að ábendingin hafi verið framkvæmd.